

FÓLK Í FRÉTTUM

FÓLK Í FRÉTTUM



Það gengur nú fjöllumum hærra í Hollywood að stjórnaparíð **Jennifer Lopez** og **Ben Affleck** hafi slitið trúlofun sinni í kjölfar fréttu af því að Affleck hafi nýlega sleppt fram af sér beislinu með nektardansmey á næturklúbbi í Vancouver.

Lopez brást reyndar vel við fréttum af framferði unnustans er systir hennar Lynda, sem vinnur á útvarpsstöð, hringdi í hana í beinni útsendingu sl. fimmtudag og bar þær undir hana, en síðan er hún aldeilis sögð hafa skipt um skoðun. Haft er eftir ónafngreindum vinum Lopez að hún trúu fullyrðingum Affleck um að einungis hafi verið um saklaust gaman að ræða en að hún telji sig engu að síður hafa verið niðurlægð.

Fjölmíðlafulltrúi Lopez segir ekkert til í því að Lopez hafi slitið trúlofuninni en það hefur þó gefið sögusögnunum byr undir báða vængi að nýlega sást til leikkonunnar án bleika trúlofarungansins sem Affleck gaf henni... **Nicky Byrne**, úr hljómsveitinni **Westlife**, og unnusta hans **Georgina Ahern**, dóttir írsku forsætisráðherrans, gengu í hjónaband á borgarstjórnarskrifstofunni í Wicklow á Írlandi í gær. Til hafði staðið að þau giftu sig við hátíðlega athöfn í París á laugardag en þau breyttu áætlunum sínum þar sem þau komust að því að einungis þeir sem skráðir til heimilis í Frakklandi geti gengið þar í hjónaband.

Athöfnin var ekki hátíðlegri en svo að Nicky klæddist stuttermabol og snjáðum gallabuxum og var auk þess með rauða derhúfu. Þá mætti hann tuttugu mínútum of seint. Brúðkaupsveislan verður eftir sem áður haldin í Chateau D'Esclimont í útjaðri Parísar á laugardag en verður þar ekkert til sparað.

Bílddælingarnir í Græna bílnum hans Garðars snúa aftur



Meðlimir hljómsveitarinnar, **Matthías, Bjarni, Viðar, Þórarinn og Hjalti**. Auðvitað lét Garðar sig ekki vanta – á bílnum góða.

Græni bíllinn lifir

HLJÓMSVEITIN Græni bíllinn hans Garðars hafði þar til nýlega að mestu legið í gleymiskunnar dái. Það var helst á Vestfjörðum að minning hennar lifði en þetta fimm manna band á rætur sínar á Bíldudal og var nokkuð líttækt í sveitaballamenningu í nærsveitum upp úr 1987.

Græni bíllinn átti sitt blómaskeið fram til um 1993 en þeir eru nú að koma aftur fram í sviðsljósið og gáfu á dögnum út diskinn *Endalaust*. Útgáfan er nokkuð smá, en ekki síst merkileg fyrir þær sakir að samhlíða var gefið út blaðið *Saga gleðisveitar*, 24 síður að stærð, þar sem ferill hljómsveitarinnar er útlitaður af stakri nákvæmni. Ekki er aðeins gerð grein fyrir sögu hljómsveitarinnar sem slíkrar, heldur er ítarlegt bókhald um þau lög sem hljómsveitin spilaði (í númeraðri röð) og annáll yfir allar söngskemmtanir þar sem Græni bíllinn tróð upp. Sem dæmi má nefna svohljóðandi færslu:

„Hópið – Tálknafirði 16. apríl 1992.
Drengirnir mættir aftur um páskana og gerðu allt vitlaust. Dansað uppi á stólum, borðum og upp um alla vegg. Þvílíkt fjór.
Bílddælingar komu með rútu yfir og skemmtu sér konunglega í bland við heimamenn, Patreksfirðinga og Barðstrendinga.
Sveitin fékk 20.000 kr. fyrir.
Á lagalistaum voru 4 ný lög.“

Þannig er útgáfan ekki síst heimild um sveitaballamenningu fyrir áratug.

Þórarinn Hannesson á veg og vanda af þessari skráningu en auk hans skipa hljómsveitina Bjarni Þór Sigurðsson, G. Hjalti Jónsson, Matthías Ágústsson og Viðar Örn Ástvaldsson.

Strákaband frá Bíldudal

„Við náðum eiginlega í skottið á sveitaballastemningunni,“ segir Þórarinn spurður um sögu sveitarinnar. „Það var mikil tónlistarhefð á Bíldudal og þaðan kom til

dæmis hljómsveitin Facon sem söng lagið „Ég er frjálst“ eins og frægt er orðið. Við vorum um títugt þegar við byrjuðum og spiluðum þau lög sem voru vinsælust þá.“

Hljómsveitin hefur verið samheldin í gegnum árin en þótt þeir félagar hafi verið saman í anda hafa vegalengdirnar skilið þá að. Sumir fluttu suður, aðrir austur: „Síðan var haldin í sumar hátíð á Bíldudal, *Bíldudals grænar*, og þá samdi ég lag tileinkað hátíðinni og langaði til að gera eitthvað úr því. Ég talaði við gömlu félagana og boltinn fór að rúlla.“

Úr varð að þeir félagar gerðu alvöru úr þessari endurkomu sinni, skelltu sér í hljóðver og tóku upp nokkur lög.

Afraksturinn er sex laga plata með fjórum frumsömdum lögum og tveimur gamalkunnum Bíldudals-smellum, þar á meðal lagið „Inn í Otradal“ sem er lag Ottós Valdimarssonar við vísur sem orðið hafa til og lifað áfram í gleðskap heimamanna. „Þetta er svona partýlag sem sungið er í öllum teitum á Bíldudal,“ segir Þórarinn. „Þetta eru textar sem sumir hafa lifað góðu lífi í áratugi, og þar sem Bílddælingar koma saman er þetta sungið. Reyndar eru vísurnar mun fleiri en þær sem við spilum, en við völdum þær sem hæfa eyrum flestra enda margar annars tví-ræðnar og berorðar.“

Um bæklinginn góða segir Þórarinn að hann hafi lengi haft þá áráttu að krota hjá sér ýmislegt sem bandið gerði í gegnum tíðina. „Þetta kemur sér stundum vel. Ég punktaði alltaf hjá mér öll lögin sem við fluttum á hverju balli, hvernig mætingin var, hvað við fengum borgað og þar fram eftir götumum. Síðan langaði mig svo að koma þessu frá mér og setti saman beinagrind að sögulegu yfirliti. Síðan hittumst við félagarnir og lásum þetta yfir og þá rifjaðist upp eitt og annað hjá öðrum meðlimum hljómsveitarinnar, þannig að smám saman kom meira kjöt á beinin.“

Afraksturinn er ágætis minnisvarði um íslenska sveitaballamenningu og óður til bæjarins ágæta Bíldudals. Þórarinn segir bandið hafa hist nokkrum sinnum upp á síðkastið, og segir kíminn að aldrei sé að vita nema nýtt blómaskeið sé að renna upp hjá Græna bílnum hans Garðars.

asgeiri@mbl.is

SUMARÓPERAN



MONTEVERDI BORGARLEIKHÚSINU

Aðeins þessar 6 sýningar

Frumssýning föstd. 15 ágúst : örfá sæti laus

2 sýning sunnud. 17 ágúst: örfá sæti laus

3 sýning föstd. 22 ágúst

4 sýning laug. 23 ágúst

5 sýning laug. 30 ágúst

6 sýning sun. 31 ágúst : örfá sæti laus

Míðasala í síma: 568-8000

Smekkleysa kynir spunaverk fyrir rafhljóðfæri, sjónvarpsupptöku og fimm trommuset

Nærbuxur, náttföt og neðanþvottastykki

Í KVÖLD, kl. 20, í Hafnarhúsi gengst Smekkleysa fyrir uppkomunni *Nærbuxur, náttföt og neðanþvottastykki* í fjölnotasal Listasafns Reykjavíkur. Forspraki hópsins er Bibbi/ Curver en hann hefur fengið til liðs við sig fimm flinka trommuleikara úr bæjarins betri böndum og tvo tölvu- og rafhljóðfæraleikara. Upphitun sér Siggi Ármann



Bibbi/ Curver mun stýra spunaverkinu.

Um. Aðgangur er ókeypis en dag-skráin stendur til tíu.

Peir sem leika munu verkið eru Curver sem sér um rafgítar og sjónvarpsupptöku; Heimir Björgulfs-son og Helgi Þórssón (Helgi er úr Stillupsteypu) sjá um tölvu- og rafhljóðfæri og trymblar eru Daniel Þorsteinsson (Maus) Ólafur Björn Ólafsson (Rúnk), Björn Stefánsson (Mínus), Frosti Jón Runólfsson (Klink, Dóp-skuld) og Kjartan Bragi Bjarnason (Kimono).

Útför Marie Trintignant

Mikill mannfjöldi

MIKILL fjöldi manna fylgdi frönsku leikkonunni Marie Trintignant til grafar í Pere-Lachaise kirkjugarðinum í París í dag. Talið er að um þúsund manns hafi verið viðstödd athöfnina þar sem leikarinn Jean-Louis Trintignant, faðir Marie, las stutta kveðu til dóttur sinnar. Þá flutti Jean-Jacques Aillagon menningarmálaráðherra minningarorð. Meðal viðstaddra voru kunnir leikarar á borð við Catherine Deneuve og Daniel Auteuil.

Trintignant, sem varð 41 árs, lést í París sl. föstudag eftir að hafa verið flutt þangað frá Litháen þar sem hún hafði legið í dái í tæpa viku. Bertrand Cantat, sambýlismaður hennar, er í gæsluvarðhaldi í Vínus grunaður um að hafa valdið höfuð-



Nadine og Jean-Louis Trintignant við útför dóttur sinnar í gær.

áverkum sem drógu Trintignant til dauða. Verið er að ramska hvort Cantat hafi verið undir áhrifum fikniefna nóttina sem hann réðist á Trintignant.

Trintignant lék í um 30 kvikmyndum um ævina og þótt hún yrði aldrei alþjóðleg stjarna naut hún mikillar virðingar í Frakklandi og víðar.

Tár krókódílsins

KVIKMYNDIR

Smárabíó

TÁR SÓLARINNAR/
TEARS OF THE SUN ★½

Leikstjóri: **Antoine Fuqua**.
Handrit: **Alex Lasker og Patrick Cirillo**. Kvikmyndatökstjóri: **Mauro Fiore**. Tónlist: **Hans Zimmer**. Aðalleikendur: **Bruce Willis, Monica Bellucci, Cole Hauser, Eamonn Walker, Nick Chinlund, Tom Skeritt**. 118 mínútur. Revolution Studios/ Columbia Pictures. Bandaríkin 2003.



Tár sólarinnar er „innantómt brúð“ að mati gagnrýnandans.

JARÐARBÚAR hafa ekki þurft að kvarta undan skorti á hernaðarátökum gegnum tíðina, þ.á. m. blóðugri borgarastyrjöld og þjóðarmorði í Nígeríu, landinu sem er bakgrunnur *Tára sólarinnar*. Harla venjulegar stríðsmyndar sem á að gerast undir uppskalduðu borgarastyrjöldinni í þessu hrjáða landi sem kom m.a. við sögu íslensks hjálparflugs á sjöunda áratugnum.

Bruce Willis leikur Waters, sjóaðan foringja í einhverri ofursveit Bandaríska sjóhersins sem send er til að hjálpa bandarísku hjúkrunarfólki að flýja frumskóga Nígeríu er stríðið brýst út. Deildin kemst á staðinn en málin þróast á þann veg að Waters ákveður að skilja ekki eftir væntanleg fornarlömb uppreisnarmanna en koma þeim undan yfir landamærin til Kamerún – sem er skammt undan. Það reynist þrautin þyngr því flugumaður uppreisnarsins leynist í hópnum og fleiri óvæntir gestir og björgunarleidangurinn breytist í flotta upp á líf og dauða þar sem blóðþyrstur byltingarvargurinn dregur á, hægt og bitandi.

Peir sem hafa séð bandarískar hetjumyndir í tonnatali geta ekki átt von á nokkurri skemmtun eða af-

þreyngu, þær eru nánast allar eins. Það er óþolandi vemmilegt að hlusta á hina innfæddu útgrátna og þakk-láta biðja bandarísku hetjunum guðs blessunar í myndarlok. Hliðarsagan í *Tár sólarinnar* er því síður nógu burðug til að afsaka tilurð þessarar laglegu innantómu brúðmyndar. Boðskapurinn, dregskapurinn, síðprýðin og bróðurkærleikurinn fram- ar öllu, er hjáróma og ótrúverðugur jafnvel þótt Willis sé skítugur, órak- aður með nauðrakað fösturútlit og útmakaður í skósvertu. Brellumar og kvikmyndatakan eru fyrsta flokks og tónlistin hans Zimmer er samin fyrir einhverja allt aðra og betri alvörumynd en þessa frum- skógarvellu. Bellucci hin ítalska fær ekki krefjandi hlutverk kvenhetj- unnar, læknisins, frekar en aðrir, því er ekki um neinn umtalsverðan „leik“ að ræða en í hæsta máta und- arlegt að sjá Fionnúlu Flanagan bregða fyrir í örhlutverki. Hún hlý- ur að hafa verið í frí á Hawaii. *Tár sólarinnar* gerist æ vænnari með hverri mínútnni sem líður en einu tárinn sem falla eru ekki jafnskaldleg og titillinn heldur flokkast undir ómerkileg krókóðilatár.

Sæbjörn Valdimarsson

Loft **KASTALINN**
Ain't Misbehavin'
The Fats Waller Musical Show
Frumssýning fös. 8. ágúst kl. 20. - UPPSELT
2. sýning laugard. 9. ágúst kl. 20. - Örfá sæti laus
3. sýning sunnudaginn 10. ágúst kl. 20.
4. sýning mánudaginn 11. ágúst kl. 20.
Míðasala í Loftkastalanum
opin alla virka daga frá 15 - 18.
Sími 552 3000 • loftkastalinn@simnet.is

Sumarkvöld við orgelið
7. ágúst kl. 12:
Alda Jngibergsdóttir sópran og
Antonia Hevesi orgel.
9. ágúst kl. 12:
Christian Præstholm orgel.
10. ágúst kl. 20:
Johannes Skudlik. Leikur m.a.
verk eftir Bach og Liszt.

Leitfjögild
Ejleikur
Lagast
Date
Sýnt í Iðnó www.date.is
SÍÐASTA SÝNING!
fimmtudaginn 7. ágúst
örfá sæti laus
Míðapantanir í síma: 562-9700 og á www.date.is

GRÆSI
SÝNT Í BORGARLEIKHÚSINU MÍÐASALA 568 8000
21. SÝNING MIÐVIKUDAGUR 20/8 - KL. 20 UPPSELT
22. SÝNING FIMMTUDAGINN 21/8 - KL. 20 UPPSELT
23. SÝNING LAUGARDAGINN 23/8 - KL. 16 UPPSELT
24. SÝNING LAUGARDAGINN 23/8 - KL. 20 UPPSELT
25. SÝNING FÖSTUDAGINN 29/8 - KL. 20 ÖRFÁ SÆTI LAUS
26. SÝNING LAUGARDAGINN 30/8 - KL. 16 ÖRFÁ SÆTI LAUS
27. SÝNING LAUGARDAGINN 30/8 - KL. 20 ÖRFÁ SÆTI LAUS
28. SÝNING SUNNUGAGINN 31/8 - KL. 16 LAUS SÆTI
29. SÝNING SUNNUGAGINN 31/8 - KL. 20 LAUS SÆTI
MÍÐASALA LOKUÐ FRÁ 2. ÁGÚST TIL OG MEÐ 5. ÁGÚST
MÍÐASALAN ER OPIN FRÁ KL. 13 - 18 FRAM AÐ SÝNINGU SÝNINGARDAGA.
SÍMI MÍÐASÖLU ÖPNAÐUR KL. 10 VIRKA DAGA.